



6. fundur í aðalstjórn Aftureldingar þriðjudaginn 17. október 2017

Haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá kl. 17:30

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Sigurður Rúnar Magnússon (SM), Krístrún Kristjánsdóttir (KK), Geirarður Long (GL), Anna Fríða Magnúsdóttir (AFM), Kjartan Þór Reinholdsson (KPR), Hanna Björk Halldórsdóttir (HBH) og Jón Júlíus Karlsson (JK) framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Birna Kristín Jónsdóttir (BJ)

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Málefni frá íþróttafulltrúa

- **Fjöldi fullorðinna iðkenda**

Aðalstjórn óskaði eftir því á síðasta fundi sínum að íþróttafulltrúi skoðaði fjölda skráninga í trimmhópa (eldri iðkendur).

HBH kynnti hvernig skráningu fullorðinna iðkenda er háttað hjá félaginu. Í ljós kom að skráning fullorðinna iðkenda er misjöfn eftir deildum. Sumar deildir eru með skráningu í lagi en aðrar skrá enga fullorðna iðkendur. Skráning fullorðinna er tvíþætt, annars vegar iðkendur í meistaraflokksstarfi og hins vegar iðkendur í trimmhópum (almenningsíþróttum). Misjafnt milli deilda hversu margir trimmarar eru að æfa. Flestir trimmhópar voru í blaki eða 6 talsins, 12-19 eru skráðir í hvern hóp.

Samþykkt að HBH ljúki skráningu á öllum fullorðins iðkendum hjá Aftureldingu.

- **Uppskeruhátíð**

Fyrir 2 árum var ákveðið að breyta uppskeruhátíð félagsins úr þeirri mynd að allir kæmu saman og fengju viðurkenningar í að hver deild sæi um sína hátíð.

Umræða um hvernig deildir séu að sinna uppskeruhlutverki sínu eftir þessa breytingu en vitað er að deildir haga sinni uppskeruhátíð á mismunandi hátt. Það þarf að samræma innan félagsins. Skrifstofa fer í að athuga hvernig málin standa hjá deildum og kynnir fyrir aðalstjórn.

- **Mætingarskráningar í Nóra**

Gengið ágætlega hjá þjálfurum að skrá mætingu í Nóra. Verið að ganga frá lausum endum. Appið virkar ekki í litlum sínum og ekki í öllum tækjum.

- **Afslættir í BUR**

Nóra kerfið býður ekki upp á alla reiknimöguleika varðandi afslætti og á það sérstaklega við þegar iðkandi á rétt á bæði systkina- og fjölgreinaflátt. Umræða um reglugerð varðandi fjölgreina- og systkinaafslætti og hvort tilefni sé til að endurskoða hana. Samþykkt að fara í þá vinnu og ætlunin að ljúka henni fyrir næsta aðalfund.

- **Kosningar í stjórnnum BUR - knattspyrnudeild**

Í reglugerð um deildir er ekki rætt sérstaklega um kosningu til ráða innan deilda. Samþykkt að HBH afli upplýsinga hvernig þessu er háttað hjá öðrum íþróttafélögum og UMSK. Umræðu frestað þar til þær upplýsingar liggja fyrir.

2. Knattspyrnuhús að Varmá

DK og Sverrir Pálmarsson formaður knattspyrnudeildar fóru á fund með bæjarstjóra varðandi knattspyrnuhús á Varmásvæðinu. Tillaga að framkvæmdinni var lögð fyrir bæjarráð 19. október og var samþykkt á fundinum að ráðast í byggingu fjölnota íþróttahúss.

Minnisblað sem lagt var fyrir bæjarráð:

<http://ibuagatt.mosfellsbaer.is/meetingsearch/displaydocument.aspx?itemid=13636435072976268764&meetingid=201710015F%20%20%20%20&filename=Minnisbla%F0%20var%F0andi%20fi%F6lnota%20%ED%FEr%F3ttah%FAs%20a%F0%20Varm%E1&cc=Document>

Kostnaðaráætlun Verkís að knatthúsi:

http://ibuagatt.mosfellsbaer.is/meetingsearch/displaydocument.aspx?itemid=11636354066716808853&meetingid=201710015F%20%20%20%20&filename=Knatth%FAs%20Mosfellsb%E6_03_adal.pdf&cc=Document

3. Stefnumótun

Formaður hitti Önnu Steinsen markþjálfara. Hugmyndin er að fá aðstoð hennar í stefnumótunarmálum Aftureldingar. Kom fram tillaga um að halda stefnumótunardag þar sem hver deild vinnur að stefnumótun fyrir sína deild. Deildir þurfa að koma vel undirbúnar.

Stefnumótunarfundur verður haldinn 23.nóvember frá kl 17.30-20.00/20.30. Stjórnir deilda látnar vita um mánaðamót. Útkoman skal vera sameiginleg sýn deilda og stjórnar sem markar starf félagsins til næstu þriggja ára.

4. Samningaviðræður við Mosfellsbæ

Fundur 2. nóvember vegna endurnýjunar á íþróttasamningi Aftureldingar við Mosfellsbæ.

Dagný, Kjartan, Sigurður Rúnar og Jón Júlíus sitja hann.

5. Búningamál félagsins

Fundur í búninganefnd í síðustu viku. Fulltrúar deilda mættu og áttu þeir að skila inn niðurstöðum sínum til framkvæmdastjóra 16.október. 4 deildir höfðu skilað innan tilskilins frests. Unni verður úr þessum upplýsingum þegar þær liggja allar fyrir.

6. Íþróttamaður og -kona Aftureldingar 2017

3. janúar 2018 verður íþróttamaður og –kona krýnd.

Tilnefningar deilda verða að hafa borist í síðasta lagi 10.desember.

7. Önnur mál

- Deildarfundir

Boða til deildarfundar í nóvember.

Fundirnir verða haldnir mánudaginn 13. og miðvikudaginn 15. nóvember.

JJK boðar deildir á fund aðalstjórnar.

- Herra – og kvennakvöld

Meistaradeildir í handbolta, fótbolta og blaki standa fyrir Herra- og kvennakvöldi 10. og 11. nóvember. Kvöldin verða haldin verður í Harðarbóli, auglýsing mun birtast í næsta Mosfellingi.

Fundi slitið kl 19.50

Krístúrín Krístjánaóóttír

(sign).